

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Reykjanesbæ.

Deiliskipulag fyrir iðnaðarsvæði við Hólamið, Reykjanesbæ.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Reykjanesbæjar þann 15. júní 1999 samþykkt deiliskipulag af svæði, sem afmarkast af Sandgerðisvegi að norðan, Garðskagavegi að austan og landamörkum við Gerðahrepp að vestan. Ný hús á svæðinu skulu vera steinsteypt eða stálgrindarhús, ein hæð með nýtanlegu milligólfi að hluta, hús-hæðir 5-8 m.

Deiliskipulagsupprátturinn ásamt greinargerð hefur verið sendur Skipulagsstofnun til yfirferðar.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Reykjanesbæ, 27. desember 1999.

Ellert Eiríksson bæjarstjóri.

REGLUR

um Náttúruverndarþing.

1. gr.

Í samræmi við ákvæði laga nr. 44/1999 um náttúruvernd hefur umhverfisráðherra boðið til Náttúruverndarþings dagana 28. og 29. janúar 2000 að Hótel Loftleiðum, Reykjavík.

2. gr.

Hlutverk náttúruverndarþings er að fjalla um náttúruvernd og kjósa fulltrúa í Náttúruverndarráð.

3. gr.

Á Náttúruverndarþingi eiga sæti:

A. Með fullum réttindum:

1. Náttúruverndarráð.
2. Einn fulltrúi frá hverri náttúrustofu.
3. Einn fulltrúi kjörinn af hverri náttúruverndarnefnd.
4. Forstjórar eða forstöðumenn stofnana á sviði náttúrufræða, sbr. viðauka 1.
5. Einn fulltrúi fyrir hvern eftirfarandi hagsmunaaðila, félagasamtaka og stofnana, sbr. viðauka 2.

B. Með málfrelsi og tillögurétt:

1. Einn fulltrúi fyrir hvert ráðuneyti.
2. Einn fulltrúi fyrir hvern þingflokk á Alþingi.
3. Sviðsstjórar Náttúruverndar ríkisins.
4. Forstöðumenn setra og sviðsstjórar Náttúrufræðistofnunar Íslands.